

Fundargerð 30. fundar

stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2017, þriðjudaginn 17. október kl. 14:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Stefán Bogi Sveinsson, Gunnar Þorgeirsson, Sigrún Hauksdóttir, Kristín María Birgisdóttir, Gunnsteinn R Ómarsson og Arnar Þór Sævarsson.

Að auki sat fundinn: Helga Guðrún Jónasdóttir sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Skýrsla formanns - 1710002SO

a) Skýrsla starfshóps til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra kynnt.

Í máli formanns kom m.a. fram að niðurstöður skýrslunnar væru að mörgu leyti lýsandi fyrir þær ólíku skoðanir sem voru uppi innan starfshópsins. Formaður fundaði nýlega f.h. samtakanna með ráðherra um skýrsluna. Lagði ráðherra til að nýr hópur yrði stofnaður sem fengi málið til frekari úrvinnslu og tillögugerðar.

b) Erindi formanns SO á Fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í byrjun mánaðarins lagt fram til kynninga. Erindið nefndist "Fasteignamat orkumannvirkja".

c) Sniðmát og erindi til aðildarsveitarfélaga lagt fram til kynningar.

d) Tillaga að breytingu á lögum í samstarfi við lögmenn.

Formaður greindi frá fundi sem hann átti með lögmanni hjá Logos. Fram kom að greining og útlínur að lagatexta muni kosta samtökin 1-2 m.kr.

Var formanni falið undir þessum dagskrárlíð að fylgja því eftir við nýjan sveitarstjórnarráðherra að framahaldsstarfshópur verði settur á fót. Einnig var honum falið að vinna áfram að sniðmáti og erindi til aðildarsveitarfélaga vegna endurmats á fasteignum tengdum vatnsréttindum.

2. Samningur við Samband íslenskra sveitarfélaga um skrifstofuþjónustu - 1710001SO

Lagt fram bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 18. júlí, 2017 vegna skrifstofuþjónustu og aðstöðu vegna samtakanna. Í bréfinu er greint frá hækkun á þjónustu sambandsins úr 300 þ.kr. í 1 m.kr. á ári.

Formanni falið að ræða við framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga og fá skilgreint hvaða þjónusta felist í árgjaldinu.

3. Orkufundur 2017 - 1710003SO

Formaður gerði grein fyrir undirbúningi fundarins, sem fer fram 2. hvert ár skv. samþykktum samtakanna. Rætt um mögulegt samtal við Byggðastofnun en fulltrúar stofnunarinnar fóru nýlega í fræðsluferð til Noregs þar þeir kynntu sér m.a. tekjur sveitarfélaga af orkuframleiðslu þar í landi. Einnig kom fram að Guðrún

Pétursdóttir, nýr formaður rammaáætlunar, hafi óskað eftir auknu samstarfi við samtökin.

Var formanni falið að hafa samband við stjórn Byggðastofnun. Einnig að kanna hvort efni stæðu til þess að Rammaáætlun kæmi í samstarfi við stjórnarformann hennar við sögu Orkufundar.

4. Stefnumörkun stjórnar - Samtök orkusveitarfélaga 2013-2020 - 1511003SO

Endurskoðun á stefnumörkun stjórnar 2016-2018.

Stefnumörkun samþykkt samhljóða með viðbót við næstsíðustu málsgrein undir þeim hluta stefnumörkunar sem nefnist "Fyrstu skref". Viðbæturnar, sem eru til frekari útskýringar á málsgreininni, eru svohljóðandi: "... að nýjum lagaákvæðum um skráningu og mat orkumannvirkja auk breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga."

Fundi var slitið kl. 16:00

Stefán Bogi Sveinsson

Gunnar Þorgeirsson

Sigrún Hauksdóttir

Kristín María Birgisdóttir

Gunnsteinn R Ómarsson

Arnar Þór Sævarsson